



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 29. mars, 2007

Ákvörðun nr. 13/2007

Kaup DM ehf. á Transport , toll og flutningsmiðlun ehf.

1

Með bréfi Einars Baldsvins Árnasonar lögmanns, dags. 1. mars 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup DM ehf. (DM) á Transport, toll og flutningsmiðlun ehf. (Transport). Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Í samrunaskránni kemur m.a. fram að með kaupunum verði DM 100% eigandi að Transport sem áfram verði rekið undir kennitölu þess félags. Þá fylgdi einnig með bréfinu kaupsamningur, dags. 22. febrúar 2007. Bréfinu fylgdu einnig ýmis gögn um viðkomandi félög, s.s. listar yfir helstu birgja og viðskiptamenn félaganna, samningar, ársreikningar ofl.

Samkeppniseftirlitið hefur nýlega tekið ákvörðun nr. 46/2006 þar sem fjallað var um kaup DM ehf. á Dreifingarmiðstöðinni ehf. Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Penninn og DM væru undir sameiginlegum yfirráðum þriggja félaga.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup DM á Transport í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna í ljósi hinna sameiginlegu yfirráða á Pennanum og DM sem valda því að veltuskilyrði 17. gr. laganna eru uppfyllt.

2

Í samrunaskránni segir að DM stundi viðskipti á markaði á sviði vöruhúsaþjónustu og því sem henni fylgi. DM geymi vörur viðskiptavina sinna (lagerhald), sjái um skráningu, tínslu, pökkun, merkingu, dreifingu og innheimtu á vörum þeirra, sé þess óskað, en eftir 1. mars 2007 sjái DM þó ekki um innheimtu reikninga fyrir þá aðila sem þeir dreifa bókum og tímaritum fyrir, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2006. Hvað dreifinguna varði, þá dreifi DM vörunum ekki sjálf, heldur kaupi dreifingarþjónustu frá þriðja aðila.

Í samrunaskránni segir að Transport starfi á markaði fyrir toll- og flutningsmiðlun. Þessi þjónusta taki oft á tíðum yfir meginhlutverk innkaupastjóra og fólks sem er í birgðaskráningu hjá innflytjendum, þar sem hlutverk miðlarans sé að sjá um flutning á viðkomandi vöru frá birgja til kaupanda hvort sem um inn- eða útflutning er að ræða.

Þá segir frá því í samrunaskránni að DM hafi ákveðið að víkka út starfsemi sína í átt að toll- og flutningsmiðlun og séu kaupin á Transport liður í þeirri útvíkkun.



Aðilar telja að þeir markaðir þar sem áhrifa gætir og þeim skyldir markaðir séu í tilviki DM aðallega markaður fyrir vöruhúsaþjónustu og í tilviki Transport aðallega markaður fyrir toll- og flutningsmiðlunarþjónustu. Aðilar telja að fyrirtækin starfi ekki á öðrum mörkuðum en þessum. Aðilar telja þessa markaði fara stækkandi vegna þess að úthýsing starfsemi af þessu tagi fari sífellt vaxandi.

Í samrunaskrá segir að markmið þessara kaupa séu að byggja upp þjónustu DM á sviði flutningsmiðlunar og tollskjalagerðar og þar með að stefna að því að auka samkeppni á toll- og flutningsmiðlunarmarkaðinum.

3

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Auk þeirra upplýsinga sem samrunaaðilar sendu með samrunatilkynningu aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga frá keppinautum Transport. Athuganir stofnunarinnar gefa ekki til kynna að framangreindur samningur muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 22. febrúar 2007, keypti DM ehf. öll hlutabréf í Transport, toll- og flutningsmiðlun ehf. Felur samningur þessi í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson